

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Vaðölduver, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 14. maí 2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Vaðölduver. Breytingin snýr að nánari útfærslu vindorkuversins og verður vindmyllum fækkað, meira byggingarmagn á lóð safnstöðvar heimilað, bætt verður við útsýnisstað og bílastæði við hann, vegtengingar og lega göngu- og reiðleiða er yfirfarin ásamt því að bætt er við vatnsbóli og vatnslögnum. Þá verða lóðir sem voru skilgreindar undir vindmyllur felldar út. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 5. júní 2025.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 6. júní 2025